

**Samningsaðilar, fjárhæð förlags og tímabil:**

Undirrituð eru sammála um að		
foreldri sem greiðir förlagið		kennitala
heimilisfang	póstnúmer og staður	sími / netfang
greiði neðangreindu ungmenni förlag vegna menntunar / starfsþjálfunar		
ungmenni		kennitala
heimilisfang	póstnúmer og staður	sími / netfang
Mánaðarleg upphæð förlagsins verði jafnhá – merkið í þann reit sem við á: [ ] einföldu meðlagi [ ] önnur upphæð, tilgreinið hana: _____		
Förlagið greiðist frá – skrifið dagsetningu: Frá: _____ til 20 ára aldurs ungmennis.	Förlagið greiðist mánaðarlega fyrirfram, 1. hvers mánaðar.	

**Fylgiskjal til sýslumanns:**

[ ] Vottorð um skólavist / staðfesting á starfsþjálfun.
---

**Undirskriftir aðila og votta:**

Staður og dagsetning:	Staður og dagsetning:
Undirskrift foreldris:	Undirskrift ungmennis:

Undirskrift votts:	Kennitala:	Undirskrift votts:	Kennitala:
--------------------	------------	--------------------	------------

**Staðfesting sýslumanns:**

Sýslumaður staðfestir samning þennan með áritun sinni á afrit hans, með vísan til 55. gr. sbr. 62. gr. barnalaga nr. 76/2003. Greiðslur samkvæmt samningnum eru kræfar með fjárnámi skv. 66. gr. barnalaga 76/2003.	Undirskrift sýslumanns eða fulltrúa hans, dagsetning, embættisstimpill:
---	---



Samningurinn er milli ungmennis og foreldris sem það býr ekki hjá.

Einfalt meðlag er jafnhátt barnalífeyri eins og hann er ákveðinn samkvæmt lögum um almannatryggingar. Upphæðina má sjá á vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga [www.medlag.is](http://www.medlag.is).

Vottorð um skólavist eða staðfesting á starfsþjálfun verður að fylgja. Ef samningurinn er um greiðslur aftur í tímann, þarf vottorðið / staðfestingin einnig að ná jafnlangt aftur í tímann.

Báðir aðilar samningsins undirrita hann með eigin hendi. Tveir vottar staðfesta undirskriftir aðila á samninginn, með undirskrift sinni.

Samningur er yfirleitt lagður fram til staðfestingar hjá sýslumanni í því umdæmi sem ungmennið býr. Ef aðilar samningsins búa ekki í sama umdæmi er hægt að leita til sýslumanns í hvoru umdæminu sem er.

Hvor aðili fær eitt eintak af staðfestum samningi sent í pósti.

**Þegar samningur hefur verið staðfestur af sýslumanni, getur ungmennið snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með staðfestinguna og óskað eftir að greiðslu á framlaginu.**

Þegar samningurinn hefur verið staðfestur af sýslumanni er einnig hægt að innheimta greiðslur samkvæmt honum beint hjá greiðanda, eftir atvikum með fjárnámi og eftirfarandi fullnustugerðum, ef ekki er greitt.

Aðilar samnings geta breytt honum með nýjum samningi, sem þarf einnig að staðfesta af sýslumanni. Ef ágreiningur rís um hvort breyta eigi samningnum, er hægt að fara fram á að sýslumaður úrskurði í því máli.

Ungmenni getur farið fram á að sýslumaður úrskurði um skyldu foreldris til að greiða framlag vegna menntunar, sjá nánari upplýsingar og [viðeigandi eyðublað](#) á neðangreindum vefsíðum.

Ákvæði um framfærslu barna og málsmeðferð er að finna í [barnalögum](#) og í [greinargerð með barnalögum](#) er einnig að finna nánari umfjöllun um efnið. Einnig vísað á vef sýslumannsins í Reykjavík og sameiginlegan vef sýslumanna þar sem eru eyðublöð og frekari upplýsingar.

Sameiginlegur vefur sýslumanna: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Sýslumaðurinn í Reykjavík: [www.syslumadur.is](http://www.syslumadur.is)

Barnalög nr. 76/2003: <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/2003076.html>